

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Landspítali háskólasjúkrahús Blóðbankinn



<b>Dags eftirlits</b>	21.9.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Landspítali háskólasjúkrahús	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Snorrabraut 60	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	500300-2130	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólafur E. Sigurjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá Blóðbankanum. Engin frávik komu fram í eftirlinu og engar ábendingum komið á framfæri.

Rannsóknarvinna skv. starfsleyfi Blóðbankans fór fram frá 2007 til 2010 en hefur síðan legið niðri og ekki liggur fyrir hvort rannsóknir hefjist að nýju.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsferð í Blóðbankann og farið yfir geymslu stofnfruma úr fósturvísunum músa sem geymdar eru í fljótandi köfnunarefni í húsnæði Blóðbankans ef rannsóknarvinna skyldi hefjast að nýju. Aðgangur að geymslunni er takmarður við starfsmenn Blóðbankans og uppfyllir kröfur starfsleyfisins.

Þar sem starfsemi fer ekki fram eru mörg ákvæði starfsleyfisins ekki virk og var rekstraraðili minntur á að tilkynna stofnuninni ef rannsóknarvinna hefist að nýju. Áætlun um rekstrarstöðvun og neyðaráætlun liggur fyrir.

Rekstraraðili kom því á framfæri að ef rannsóknir myndu byrja að nýju þá yrði það mögulega tengt starfsleyfi Læknagarðs og yrðu frumurnar færðar þangað. Starfsleyfishafi Læknagarðs myndi þá sækja um breytingu á starfsleyfi áður en vinna með frumurnar hæfist.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.10.2018

  
Einar Halldórsson